



Sextándi stjórnarfundur landsstjórnar DKG haldinn miðvikudaginn 7. maí 2025, kl. 13.30 – 15.00.

Mættar voru:

Árný Elíasdóttir landsforseti, Málfríður Þórarinsdóttir 1. Varaforseti, Björg Eiríksdóttir gjaldkeri. Á Zoom voru: Vilborg Ása Bjarnadóttir 2. Varaforseti, Ásta Egilsdóttir ritari, Eygló Björnsdóttir vefstjóri, Soffía Vagnsdóttir formaður menntamálanefndar. Forföll boðuðu Guðrún Edda Bentsdóttir fyrrverandi landsforseti, og Rósa Marta Guðnadóttir meðstjórnandi.

Dagskrá

1. Afmælisþing og aðalfundur 10.-11. maí 2025

Farið yfir alla þræði tengda afmælisráðstefnunni og undirbúningi hennar og lokahnúturinn hnýttur á þá fáu lausa enda sem út af stóðu.

Skráning á ráðstefnu, hátíðarkvöldverð og aðalfund er eftirfarandi:

Ráðstefna	108
Kvöldverður	86
Aðalfundur	53

Konur skiptu með sér verkum í samræmi við framkvæmdarblað sem Árný lagði fram fyrir fundinn. Allt á að vera komið í góðar skorður og mikil tilhlökkun ríkir í hópnum.

Fundi slitið kl. 14.00

Ásta Egils

Ritari DKG 2024 - 2025